

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 22.03. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:14

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Æfingar fyrir Spánarferð.

EK segir að Hafsteinn Ægir (HÆ) ætli að hitta 4 krakka frá Þyt og Ögmund úr Keflavík næsta mánudag, HÆ er að setja upp æfingaáætlun, sem hann mun kynna. EK segir að bátakosturinn verði líklega í lagi, til eru 2 Euro í þokkalegu ástandi. TÆ spyr hvort við fáum þá lánaða EK ætlar það, segir að Snorri Valdimarsson muni leysa HÆ af þegar með þarf. GGH segir þurfa að byrja á þrekæfingum, sundæfingum og setja svo upp æfingaprógramm, hann veit að Ýmir hefur æft í allan vetur. TÆ segir að verði að vinna í líkamsþjálfun þessara krakka, e.t.v. að semja við líkamsræktarstöð. GGH segir okkur eiga rétt á tímum í íþróttahúsum og e.t.v. æfingasal í sundlauginni. EK vill fá menntaðan mann til að byggja upp og sjúkrapjálfa til að fylgjast með. TÆ þætti gott ef þetta gæti nýst fleirum í klúbbum t.d. þeim sem ætla að keppa næsta sumar. EK segir að komið sé hreyfing á þetta höfum bara 3-4 mánuði. GGH segir að þau verði að halda út æfingarnar anars detti þau út úr þessu.

2 Afrekssvið SÍL

Stjórn SÍL er búin að skipa nefnd í þetta verkefni. Í henni eru Birgir Ari, Ármann og Gunnar Geir. GGH segir að fyrsti fundur verði í næstu viku. EK spyr um verkssvið nefndarinnar. GGH segir að það sé búið að marka afrekssstefnu, það eigi að afmarka hana betur og sjá til þess að henni verði framfylgt t.d. hverjir fari á mót, en það verði að vera eitthvað sveigjanlegt. TÆ vill að afrekssstefnan verði ekki í of mörgum liðum til að auðveldara verði að koma þessu í gang.

3. SPH

GGH hefur fengið svarbréf frá Heiðrúnu í SPH, sbr 7 lið síðasta fundar. Svarið er neikvætt. GGH bað um í bréfinu að fá að útskýra málið betur, bað um styrk til að kaupa segl en nefndi enga upphæð í bréfinu. GGH óhress með að hafa ekki fengið fund. EK

ætla að tala við SPH, hann vill fá Íslandsbanka til að verða aðalstyrktaraðila Optimistamótsins, sá banki hefur lofað að styrkja mót einhvern tímann það þurfi að sækjast eftir því strax. GGH segir Landsbankann hafa lofað að styrkja Secret mót.

4. Segl

GGH segist ekki vera viss um hvað eigi að gera í þeim málum. FH og EK segja að það hafi verið ákveðið að kaupa 2 fokkur. EK með tillögu um að gera annan bátinn að almenninlegum keppnisbát. GGH segir fokkurnar ónýtar á báðum. EK segir þetta kosta stórfé vill leggja áherslu á annan. TÆ bendir að urðum Íslandsmeistarar á þessum seglum, sýnir að það er hægt að ná einhverjum árangri á þeim, leggur áherslu á að ef annar er gerður betri en hinn þurfi að æfa á þeim sem hefur verri segl. GGH finnst ekki hægt að bjóða keppendum uppá að keppa á ónýtum seglum við aðra á góðum, það sé ekki hægt að gera sömu kröfur til þeirra sem sigla á ónýtu seglunum og til hinna, hann vill kaupa 1 belgsegl, 1 stórsegl og 2 fokkur, segur okkur vera að fá 180.000 í styrk einu sinni enn. EK ítrekar afstöðu sína, kostar á milli 500-600.000 á annan bátinn, veltir upp að kaupa í staðinn “ B- Klassa “ segl á báða. GGH heldur að það sé dýrara. Fram kemur að stórsegl kostar 1926 pund, fokka kostar 815 pund og belgur 840 pund. BS spyr um að flutningsgjöld og skatta. TÆ segir að sé bara vsk. HÁ spyr hversu þungt þetta er. GGH veit það ekki segir að fengjum vsk endurgreiddan úti, FH er ekki viss um það. TÆ segir að SPH sé út úr myndinni sem styrktaraðili, hugsanlegt að finna einhvern annan. EK ætlar að tala við SPH aftur. TÆ og HÁ segja að það bætist við flutningur og tryggingar og svo vsk á allt ÁBF reiknar út að verði tæp 600.000.(587.000) EK leggur til að “ Keypt verði topp segl á annan keppnisbátinn í staðinn fyrir 2 fokkur sem búið var að samþykkja” GGH leggur fram breytingatillögu “ leggur til að keypt verði 1 viðbótar fokka”. FH leggur fram málamiðlunartillögu “ Gera einn góðan núna, bæta hinu við síðar ef fáum sponsor “hann dregur tillöguna til baka. GGH segir að ef ný segl verði skráð á forgjafarskírteini verði báturinn ólöglegur á öðrum keppnissegjum. (Þegar hér er komið við sögu tala fundarmenn hver í kapp við annan á einhverju tungumáli sem ritarinn kann ekki né skilur og tapar þræðinum og biðst velvirðingar á því.) Greidd eru atkvæði um tillögu GGH um að keypt verði viðbótarfokka 4 greiða á móti tillögunni og hún felld. FH segir að ef Sjóvá samningurinn verði áfram þá verði Skegla með sömu seglin og í dag, nýju seglin verði þá á Þernu. GGH segir að Sjóvá hafi keypt auglýsingu í 3 ár. FH segir að ef samningurinn verði áfram sé búið að greiða fyrir seglið og Skegla verði með það áfram. GGH segir að belgur á Þernu sé mjög lélegur. Greidd atkvæði um tillögu EK “ Keypt verði topp segl á annan keppnisbátinn í staðinn fyrir 2 fokkur sem búið var að samþykkja” 5 samþykkja tillögun, 2 sitja hjá. Tillagan er samþykkt.

5. Heimasíða

HÁ hefur verið að vinna í þeim málum, er kominn með hugmynd að útlit. Mönnum líst vel á. ÁBF finnst Þyts logóið aðeins of hart, vegna bakgrunnsins. GGH segir að það megi vera litur á merkinu til að draga úr því. ÁBF segir að það megi vera aðeins minna. HÁ segir að það sé spurning um staðsetninuna, best er að vera hjá símanum, getum þar verið með teljara séð hvað margir komi á síðuna og hve lengi, það sjáist hvað hún er mikið notuð. HÁ vill fá á hreint hvort síðan eigi að vera áfram þar sem hún er eða flytja

hana sem hann telur betra. Ýmsar tölur eru nefndar. 25000 að flytja, 18.000 til Inntís og 6.000 í flutning. HÁ og GGH segja að sé 2000-2500 á mánuði. BS vill fá á hreint um hvaða tölur er verið að ræða. HÁ ætlar að kanna þetta fá á hreint hvernig þetta snýr, hvað það kosti að flytja og hver mánaðargjöldin eru. HÁ heldur áfram að vinna í heimasíðunni.

6. Cuxhaven

EK hefur talað við Jónas, enga styrki er hægt að fá þar í þetta, heldur að sé hugsanlegt einhvers staðar í bæjarkerfinu. EK spyr hvort klúbburinn er til í að senda einhverja, eða hvort við eigum að sleppa þessu. GGH segir að úr því að ekki fáist styrkur falli þetta um sjálft sig. TÆ segir að gæti verið upphaf að meiri samskiptum. HÁ segir að sé líka að rækta vinabæjartengsl. FH segir að þetta hefði litið öðruvísi út ef þeir hefðu fundið bát og menn hefðu siglt, fundið sponsora o.þ.h. EK segir að forsendur hafi breyst. GGH leggur fram tillögu “ Stjórn Þyts samþykkir að senda 2 fulltrúa til Cuxhaven á kostnað klúbbsins” Tillagan er felld með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

7. Gistimöguleikar

BS hefur athugað verð á gistingu í skátaheimilinu, er í 4-6 manna herbergjum kostar kr 1700 á nótt, margir dagar eru uppteknir næsta sumar. Á gistiheimilinu Bergi kostar nótt með morgunmat kr. 4500. TÆ hefur rætt við mann með aukaherbergi, líklegt að gætum fengið það á 30.000 á mánuði. ÁBF segir að það sé til sjóður sem íþróttapjálfarar geta sótt um styrk til að fara út og mennta sig. Segir hugsanlegt að snúa þessu við og í stað þess að senda mann út megi flytja hann inn, heldur að sé ákveðin upphæð. ÁBF ætlar að kanna þetta. EK vill senda David Hart svar. FH segir að velti á húsnæði sem TÆ segir að standi til boða. FH ætlar að reikna þetta út t.d. með tilliti til skatta.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:33

Birna Sigþórsdóttir (sign)